

Reykjavíkurborg

Endurhæfing í heimahúsi

- Samantekt á þjónustu 2020

Ábyrgð: Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri öldrunarmála
Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir verkefnastjóri endurhæfingar í heimahúsi

Þann 6. apríl 2017 var samþykkt á fundi velferðarráðs og þann 7. apríl 2017 á fundi borgarráðs tillaga um innleiðingu hugmyndafræði um endurhæfingu í heimahúsi. Í kjölfarið voru stofnuð þrjú endurhæfingarteymi, það fyrsta þann 1. mars 2018 í Heimaþjónustunni efrabyggð, í miðbyggð 1. febrúar 2019 og það þriðja 1. september 2019 í vesturbyggð. Árið 2020 var því fyrsta árið sem öll þrjú teymin voru starfandi allt árið.

Endurhæfing í heimahúsi er hluti af samþættri heimaþjónustu Reykjavíkurborgar og felur í sér bæði heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Markmið þjónustunnar er að auka sjálfsbjargargetu notenda, lífsgæði og félagsþátttöku gegnum þjálfun og endurhæfingu. Með því að nýta úrræði í samfélaginu má draga úr eða seinka mögulegri þjónustuþörf og minnka eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum til framtíðar. Þjónustan felst í þjálfun gegnum mikilvægar athafnir daglegs lífs sem styður við áframhaldandi búsetu í heimahúsum út frá þörfum og óskum notandans, það gerir þjónustuna notendamiðaða og fjölbreytta. Notast er við m.a. kennslu í orkusparandi vinnuaðferðum, hreyfiþjálfun, leiðbeiningu og ráðgjöf við framkvæmd athafna, notkun hjálpartækja og velferðartækni gegnum lausnamiðaða nálgun til að einfalda athafnir og auka bjargráð notandans. Lagt er fyrir matstæki sem nefnist Canadian Occupational Performance Measurement (COPM) eða mæling á færni við iðju þar sem notandanum gefst tækifæri á að greina frá þeim iðjuvanda sem hann upplifir í daglegu lífi tengt eigin umsjá, störfum, tómstundaiðju og félagslegri þátttöku. Þjálfunin fer að miklu leyti fram inn á heimili notandans þar sem fagfólk teymanna styður viðkomandi í þeim athöfnum sem hann getur ekki framkvæmt án aðstoðar á meðan hann er að tileinka sér ný bjargráð og auka færni.

Horft er til forvarna í heimahúsi, að einstaklingar séu við stjórnvölinn í eigin lífi og geti búið heima sem lengst þrátt fyrir heilsubrest eða færniskerðingu. Í endurhæfingarteymunum þremur starfa iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfari, íþróttfræðingar, sjúkraliðar og félagsliðar ásamt því að næringarfræðingur veitir ráðgjöf. Endurhæfingarteymin eru fjármögnuð 60% af Sjúkratryggingum Íslands gegnum samning um heimahjúkrun og 40% af velferðarsviði Reykjavíkur. Vikulega fara fram þverfaglegir móttökufundir innan heimaþjónustunnar í öllum byggðum sem ákveða farveg beiðna sem berast um heimaþjónustu.

Árið 2020 einkenndist af áhrifum Covid-19 líkt og um allan heim. Margir voru hræddir á þessum tíma og treystu sér ekki út úr húsi né að fá til sín heimsóknir og því voru margir notendur Endurhæfingar í heimahúsi sem afþökkuðu þjónustu af ótta við að fá veiruna inn á heimilið með starfsfólki endurhæfingarteyma. Árið 2020 einkenndist af ýmsum takmörkunum til að tryggja öryggi og heilsu einstaklinga. Það hafði þau áhrif að m.a. félagsmiðstöðvar, sundlaugar, líkamsræktarstöðvar, bókasöfn og fleiri þjónustustaðir lokuðu tímabundið öðru hvoru yfir árið. Það leiddi til þess að ekki var mögulegt að tengja notendur þjónustunnar við þá staði eins og hugmyndafræðin gerir ráð fyrir. Inniveran einkenndist oft af einveru og kyrrsetu sem eðlilega ýtir undir færniskerðingu. Aðstæðurnar leiddu til þess að það treystu sér ekki allir til að nýta þjónustu Endurhæfingar í heimahúsi og afþökkuðu en einnig var hópur sem ákvað að hætta í þjónustu án þess að ljúka endurhæfingu. Í lok árs 2019 fór fram tilraunaverkefni innan Endurhæfingar í heimahúsi í samstarfi við Velferðartæknismiðju Reykjavíkur varðandi skjáheimsóknir og skjáþjálfun sem reyndist góð viðbót í ákveðnum aðstæðum til að viðhalda þjónustustigi þrátt fyrir samkomubann árið 2020.


Fjöldi notenda þjónustu

Árið 2020 voru **746** notendur innritaðir í þjónustu hjá endurhæfingarteymum heimaþjónustunnar. Þá voru 681 útskrifaðir 2020, þar af voru **526** notendur sem luku endurhæfingu á árinu og **65** voru enn í þjónustu þann 31. desember 2020. Konur voru í miklum meirihluta í hópi útskrifaðra 2020, 67% konur og 33% karlmenn, sem og þeirra sem voru enn í þjónustu um áramótin, 74% konur og 26% karlmenn.

| Kynjahlutfall útskrifaðra | 2020 |
|----------------------------------|------------------|
| Konur | 67% |
| Karlar | 33% |
| Heildarfjöldi útskrifaðra | 681 manns |

Eftirfarandi myndir sýna hvernig hlutfall notenda Endurhæfingar í heimahúsi dreifist eftir kyni og aldri ásamt því hvaðan beiðnir bárust og um hvaða þjónustu.

Mynd 1 sýnir dreifingu notenda eftir aldri og kyni sem voru útskrifaðir úr þjónustu Endurhæfingar í heimahúsi árið 2020. Langstærsti notendahópurinn er í aldurshópum 70-79 ára og 80-89 ára eða um 67% notenda og þar eru konur í miklum meirihluta.




Mynd 1: Aldur og kyn notenda sem voru þjónustu árið 2020.

Inn- og útskriftir


Endurhæfingarteymin innrituðu **746** notendur í þjónustu. Það voru **681** útskrifaðir fyrir árslok 2020 og **65** voru enn í þjónustu um áramótin. Samkvæmt mynd 2 bárust flestar beiðnir um heimaþjónustu frá fagfólki Landspítalans eða næstum helmingur þeirra beiðna sem fóru til Endurhæfingar í heimahúsi. Heilsugæslan sendi 21% beiðna og þjónustumiðstöðvarnar 15% beiðna varðandi þá sem innrituðust í endurhæfingu.

Beiðnir sem berast gegnum þjónustumiðstöðvar eru umsóknir um félagslega heimaþjónustu frá einstaklingum, aðstandendum eða fagfólki sem starfar við félags- og heilbrigðisþjónustu. Einnig er algengt að teymisstjórar í félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun óski eftir aðkomu fagfólks endurhæfingarteyma fyrir notendur sem eru í þjónustu hjá þeim þegar færni eða aðstæður breytast. Endurhæfingarstofnanir senda beiðnir um heimaþjónustu þegar fólk útskrifast frá þeim og svo hafa fyrrum notendur komið í aftur í þjónustu gegnum eftirfylgnisímtöl eða með því að hafa sjálfir samband við teymin ef þeir hafa upplifað breytingu á færni eða þörf fyrir stuðning á ný frá fagfólkinu til að viðhalda sjálfsbjargetu í sínum aðstæðum.



Mynd 2: Hvaðan bárust beiðnir um þjónustu?


Flestar þeirra beiðna sem fóru í þjónustu hjá endurhæfingarteymunum voru beiðnir um heimahjúkrun sem voru 70% líkt og kemur fram á mynd 3. Fjórtnán prósent voru beiðnir um félagslega heimaþjónustu og í 16% beiðna var óskað sérstaklega eftir þjónustu Endurhæfingar í heimahúsi t.d. frá fagfólki innan heimahjúkrunar eða félagslegrar heimaþjónustu Reykjavíkur eða við eftirfylgni í kjölfar útskriftar úr endurhæfingu sem fer fram 3, 6 og 12 mánuðum eftir útskrift.




Mynd 3: Um hvaða þjónustu var beið um?

Á mynd 4a kemur fram að af þeim 526 sem luku þjónustu endurhæfingar í heimahúsi á árinu 2020 voru 88% alveg sjálfbjarga eða sjálfbjarga hluta við þjónustulok. Nánar útskýrt voru 35% sjálfbjarga með enga þjónustu, 53% voru sjálfbjarga að hluta og þurftu minni þjónustu en í upphafi og 10% voru í þörf fyrir sömu þjónustu. Árið 2020 útskrifuðust 2% með meiri þjónustu þar sem beiðni hafði borist um félagslega heimaþjónustu en aðstæður þannig að fagaðilar endurhæfingarteyma mátu þörf fyrir heimahjúkrun og voru þeir aðilar útskrifaðir í meiri þjónustu en upphaflega var sótt um. Vert að taka fram að af þeim sem voru í þörf fyrir minni þjónustu voru 58% einungis í þörf fyrir heimilisþrif.

Á mynd 4b má sjá stöðu notenda ef þeir sem útskrifast eingöngu með heimilisþrif eru ekki taldir með sem lækkar þá heildarfjölda útskrifaðra í 365 notendur. Þá breytast hlutföllin í að 50% notenda luku þjónustuferli endurhæfingar sjálfbjarga með enga þjónustu, 32% voru sjálfbjarga að hluta og nægir nú minni heimaþjónusta en í upphafi þjónustu, 15% eru í þörf fyrir sömu þjónustu við útskrift og 3% meiri þjónustu.



Mynd 4a: Afdrif við útskrift úr þjónustu endurhæfingar.




Mynd 4b: Afdrif við útskrift (heimilisþrif ekki meðtalin).

Heimaþjónustan efrabyggð

Endurhæfingarteymið í efrabyggð hefur starfað lengst af teyminum þremur, það er frá 1. mars 2018. Í teyminu í efrabyggð starfa tveir iðjupjálfar og er annar þeirra teymisstjóri, hjúkrunarfræðingur, íþróttfræðingur og þrír sjúkraliðar en tveir þeirra er líka með menntun félagsliða. Heimaþjónustan efrabyggð sinnir íbúum sem tilheyra Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Þjónustumiðstöð Breiðholts og Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness.

Það voru 271 notendur innritaðir árið 2020, um áramótin voru 238 útskrifaðir og 33 enn í þjónustu. Líkt og sjá má á mynd 5 voru **89%** alveg sjálfbjarga eða sjálfbjarga að hluta við þjónustulok. Nánar útskýrt voru 35% sjálfbjarga með enga þjónustu, 54% voru sjálfbjarga að hluta og í þörf fyrir minni þjónustu, 8% sömu þjónustu og 3% í þörf fyrir meiri þjónustu en í upphafi endurhæfingar.




Mynd 5: Afdrif notenda við útskrift í efrabyggð.

Heimþjónustan miðbyggð

Þann 1. febrúar 2019 hóf endurhæfingarteymið í miðbyggð störf og er staðsett í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Í teyminu starfa iðjuþjálfari sem jafnframt er teymisstjóri, hjúkrunarfræðingur, íþróttifræðingur, tveir sjúkraliðar og tveir félagsliðar.

Það voru 327 notendur innritaðir árið 2020, um áramótin voru 312 útskrifaðir og 15 enn í þjónustu. Líkt og sjá má á mynd 6 voru **87%** alveg sjálfbjarga eða sjálfbjarga að hluta til við þjónustulok. Nánar útskýrt voru 39% sjálfbjarga og ekki í þörf fyrir heimþjónustu, 48% sjálfbjarga að hluta og í þörf fyrir minni þjónustu, 11% með sömu þjónustu og 2% með meiri þjónustu en í upphafi endurhæfingar.




Mynd 6: Afdrif notenda við útskrift í miðbyggð.

Heimþjónustan vesturbyggð

Teymið í vesturbyggð er nýjasta og síðasta teymið, hóf störf 1. september 2019 og tilheyrir Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og þjónustar jafnframt íbúa á Seltjarnarnesi sem eru í þörf fyrir heimahjúkrun. Í teymi vesturbyggðar urðu breytingar árið 2020 á stöðu teymisstjóra sem var áður iðjuþjálfari en er nú sjúkrapjálvari. Auk þeirra voru í teyminu hjúkrunarfræðingur, félagsliði og þrír sjúkraliðar.

Það voru 148 notendur innritaðir árið 2020, um áramótin voru 131 útskrifaðir og 17 enn í þjónustu. Líkt og sjá má á mynd 7 voru **83%** alveg sjálfbjarga eða sjálfbjarga að hluta til við þjónustulok. Nánar útskýrt voru 24% þeirra sem luku þjónustu sjálfbjarga og ekki í þörf fyrir heimþjónustu, 63% voru í þörf fyrir minni þjónustu við útskrift og 13% með sömu þjónustuþörf.



Mynd 7: Afdrif notenda við útskrift í vesturbyggð.

Samantekt

Árið 2020 voru 746 notendur innritaðir í þjónustu Endurhæfingar í heimahúsi 2020 en 697 árið 2019. Af þeim sem luku þjónustu árið 2020 voru 35% alveg sjálfbjarga og ekki lengur í þörf fyrir heimaþjónustu og 53% sjálfbjarga að hluta og því í þörf fyrir minni þjónustu og því um 88% sjálfbjarga að hluta til eða öllu leyti við útskrift. Meirihluti þeirra sem útskrifast með minni þjónustu nægir heimilisþrif hjá félagslegri heimaþjónustu eða 58% þeirra. Einungis 10% notenda voru í þörf fyrir sömu þjónustu og sótt var um vegna veikinda eða aðstæðna sem gefur til kynna að hugmyndafræði þjónustunnar sé að skila tilætluðum árangri. Vert er að taka fram að 2% voru í þörf fyrir meiri þjónustu en í upphafi endurhæfingar og var það vegna þess að í þjónustu Endurhæfingar í heimahúsi kom í ljós fjölþættari vandi og veikindi hjá notendunum sem þörf var á að sinna. Árangur þjónustunnar er því mjög góður og hefur létt töluvert á þjónustuþörf notenda á sama tíma og lífsgæði þeirra og sjálfsbjargargeta hefur aukist.

Flestir voru innritaðir í þjónustu hjá endurhæfingarteyminu sem þjónustar íbúa í Laugardal og Háaleiti, það er 327 notendur. Í endurhæfingarteymið sem þjónustar íbúa Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, Þjónustumiðstöðvarinnar Miðgarðs í Grafarvogi og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts voru innritaðir 271 notendur. Í endurhæfingarteymið sem þjónustar íbúa Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, og jafnframt þá sem búa á Seltjarnarnesi og eru metnir í þörf fyrir heimahjúkrun, voru 148 notendur innritaðir í þjónustu.

Margir voru óttaslegnir gagnvart því að smitast af Covid-19 veirunni og völdu því að hefja ekki þjónustu eða afþökkuðu þjónustuna eftir að hún hófst og luku því ekki þjónustuferli sínu samkvæmt upphaflegri áætlun. Auk þess voru margir þjónustustaðir lokaðir tímabundið yfir árið eins og t.d. félagsmiðstöðvar, sundlaugar og fleiri staðir. Hugmyndafræði Endurhæfingar í heimahúsi byggist á því að hlúa að eða stuðla að þátttöku í skipulögðu félags- og íþróttastarfi og efla félagstengsl svo þeir sem útskrifast úr endurhæfingu geti nýtt þá færni sem náðist og viðhaldið henni gegnum meiri og fjölbreyttari tengingu við það sem í boði er fyrir notendahópinu í samfélaginu. Sá hluti þjónustunnar náðist því miður ekki stóran hluta ársins 2020 vegna samkomutakmarkanna og því má ætla að árangur þjónustunnar og upplifun notenda hefði geta verið meiri og jákvæðari ef Covid-19 hefði ekki haft þau víðtæku áhrif á samfélagið eins og raun ber vitni.